

**3227. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
16. nóvember 2017 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. **1701022 - Fundargerðir 2017 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**
145. fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 30. október 2017.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. **1711108 - Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2018**
Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2018.
Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands gerir ráð fyrir að hækkun framlaga sveitarfélaganna um 2,5% og verði samtals um 12,5 mkr. en framlag hvers og eins sveitarfélags miðast við íbúafjölda um áramót.

Bæjarráð samþykkir fjárhagsáætlunina og vísar ákvörðuninni til staðfestingar í bæjarstjórn.

3. **1708044 - Gjaldskrár skipulags- og umhverfissviðs (gatnagerðargjöld og fl.)**
Tillaga sviðsstjóra um breytingu á gjaldskrá gatnagerðargjalda.

Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið.
Bæjarráð þakkar sviðsstjóra greinargóða yfirferð.

Afgreiðslu málsins frestað.

4. **1711115 - Reiðskemma á Æðarodda - uppbygging**
Erindi Hestamannafélagsins Dreyra um byggingu reiðskemmu á Æðarodda.

Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið.
Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og bæjarstjóra falið að ræða við Hvalfjarðarsveit um frekari úrvinnslu málsins.



5. 1607041 - Almennar íbúðir fyrir fatlaða einstaklinga - stofnstyrkur til Brynja hússjóður

Umsókn Brynju, Hússjóðs Öryrkjabandalagsins um stofnframlag frá Akraneskaupstað samkvæmt lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir vegna kaupa félagsins á íbúð á Akranesi.

Bæjarráð samþykkir að veita Brynju, Hússjóð Öryrkjabandalagsins stofnframlag samkvæmt lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir vegna kaupa á íbúð á Akranesi en gert er ráð fyrir útgjöldunum í fjárhagsáætlun ársins. Hlutfall stofnframlags Akraneskaupstaðar miðast við sömu forsendur og stofnframlag Íbúðalánasjóðs.

Bæjarráð vísar ákvörðuninni til staðfestingar í bæjarstjórn.

6. 1609101 - Frístundamiðstöð / golfskáli við Garðavöll

Bygging frístundamiðstöðvar við Garðavöll.

Ákvörðun um útfærslu framhalds vegna aukins kostnaðar samkvæmt tilboðum.

Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir viðauka við yfirlýsingu/samkomulag um uppbyggingu frístundamiðstöðvar við Garðavöll dags, 4. september 2017.

7. 1711118 - Gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa

Niðurstöður úttektar á gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa.

Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið.

Lagt fram.

8. 1711099 - Afskriftir 2016 og 2017

Afskriftabeidni frá Sýslumanninum á Vesturlandi fyrir árið 2016 og 2017.

Bæjarráð samþykkir afskriftarbeiðni sýslumannsins á Vesturlandi vegna áranna 2016 og 2017, samtals að fjárhæð kr. 18.507.296.

Afskriftir vegna ársins 2016 eru samtals kr. 5.716.862 og samtals kr. 12.790.734 vegna ársins 2017.

9. 1711117 - Umhverfisvöktunaráætlun UST - athugasemdir

Athugasemdir Umhverfisvaktarinnar við Hvalfjörð vegna umhverfisvöktunaráætlunar UST fyrir iðjuverin á Grundartanga 2017 - 2021.

Lagt fram.



10. 1711048 - Ágóðahlutagreiðsla EBÍ árið 2017

Tilkynning frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands um ágóðahlutagreiðslu félagsins til Akraneskaupstaðar fyrir árið 2017. Hlutdeild Akraneskaupstaðar í Sameignarsjóði Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands er 3,465% og fjárhæðin fyrir árið 2017 samtals kr. 1.732.500.

Lagt fram.

11. 1711067 - Rejúníon, uppskeruhátíð árgangamóts - umsögn

Erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi vegna uppskeruhátíðar árgangamóts á Jaðarsbökkum þann 11. nóvember.2016 kl. 19:00 til 12. nóvember 2016 kl. 01:00.

Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.

12. 1708054 - Stjórnendakvóti (aukin stjórnun) við TOSKA 2017

Kjarasamningsbundin stjórnendakvóti við Tónlistarskóla Akraness

Bæjarráð samþykkir aukin útgjöld að fjárhæð kr. 2.076.000 til Tónlistarskóla Akraness vegna viðbótarstjórnunarkvóta við stofnunina á árinu 2017. Kostnaðinum verður mætt með lækkun rekstrarafgangs ársins.

13. 1711136 - Rafræn íbúakosning

Ólafur Kr. Hjörleifsson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Bragi Hauksson frá Þjóðskrá mættu á fundinn.

Bæjarráð þakkar Ólafi Kr. og Braga kærlega fyrir greinargóða og áhugaverða kynningu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:50.



Seinnir freyr kráir í þess

Vilborg Þ. Guðbjörnsd.

Ingibjörg Valdimarsd.

Rannsóknir

Seinnir freyr

Ingibjörg Valdimarsd.